



**HAFNARFJÖRÐUR**

Skipulagsstofnun  
Borgartúni 7b  
105 Reykjavík

24.03. 2021  
Málsnr. 1801074/GG

## **Smyrlahraun 41a – óveruleg breyting á Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013 – 2025**

Í Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 er lóðin Smyrlahraun 41a skilgreind í landnotkunarflokki S9 (samfélagsþjónusta). Þar hefur verið gert ráð fyrir leik-/gæsluvelli.

Bæjarráð Hafnarfjarðar samþykkti þann 14.3.2020, að í stað byggingar leikvallar/leikskóla á lóðinni yrði byggður búsetukjarni fyrir fatlað fólk og vísaði til afgreiðslu umhverfis- og skipulagssviðs. Fjölskylduráð óskaði eftir lóðinni fyrir búsetukjarna þann 14.9.2018.

Skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar tekur jákvætt í erindið þann 22.09. 2020 og felur skipulagsfulltrúa að vinna að málinu.

Á fundi skipulags- og byggingarráðs þann 09.02. 2021 lagði skipulagsfulltrúi fram umsögn um erindið, dags. 07.02. 2021, þar sem færð eru rök fyrir nauðsyn á breytingu á aðalskipulagi vegna búsetukjarnans. Skipulags- og byggingarráð samþykkir umsögn skipulagsfulltrúa og vísar fyrirbyggjandi aðalskipulagsbreytingu í bæjarstjórn til samþykktar.

**Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir samhljóða, þann 17.02. 2021, fyrirbyggjandi aðalskipulagsbreytingu er varðar búsetukjarna fyrir fatlað fólk.**

Um landnotkunarflokk S segir í greinargerð Aðalskipulags Hafnarfjarðar 2013-2025:

### ***2.2.4 Samfélagsþjónusta***

#### ***Almenn ákvæði:***

Á þessum svæðum skulu vera stofnanir og fyrirtæki sem óháð eignaraðild veita almenna þjónustu við samfélagið, svo sem menntastofnanir, heilbrigðisstofnanir, menningarstofnanir, félagslegar stofnanir, trúarstofnanir og aðrar þjónustustofnanir ríkisins, sveitarfélagsins eða annarra aðila. Ekki skal gera ráð fyrir annarri atvinnustarfsemi eða íbúðum á þessum svæðum nema húsvarðaríbúðum í einstökum tilvikum.

Ljóst er að búsetukjarni fyrir fatlað fólk fellur ekki að framangreindri skilgreiningu



## HAFNARFJÖRÐUR

landnotkunarflokks S9 í aðalskipulaginu. Vilji bæjaryfirvalda í Hafnarfirði stendur til þess að lóðin Smyrlahraun 41a verði felld inn í landnotkunarflokkinn ÍB4, íbúðarbyggð næsta nágrennis lóðarinnar með óverulegri breytingu á Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025. Einnig er fyrirhugað að breyta gildandi deiliskipulagi, Miðbær – Hraun, vegna áformanna.

Óskað er eftir að aðalskipulagsbreytingin hljóti málsmeðferð í samræmi við 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Virðingarfyllst,

f.h. skipulagsfulltrúa

Guðrún Guðmundsdóttir, arkitekt/skipulagsfræðingur  
Umhverfis- og skipulagssviði Hafnarfjarðar

Hjálagt: Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 07.02. 2021